

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Sent á netfangið: nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. janúar 2021

Efni: Umsögn prófnefndar viðurkenndra bókara við frumvarp til breytinga á ýmsum lögum til einföldunar regluverks, þingskjal nr. 757 og 444. mál.

Prófnefnd viðurkenndra bókara starfar grundvelli 43. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 og reglugerðar nr. 649/2019 um próf til viðurkenningar bókara. Prófnefnd er skipuð til fjögurra ára í senn. Prófnefnd skipa; Elva Ósk S. Wíium, formaður prófnefndar, sem er skipuð án tilnefningar, Magdalena Gestsdóttir, tilnefnd af Félagi viðurkenndra bókara og Einar Guðbjartsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins. Einar Guðbjartsson er í leyfi frá störfum prófnefndar og hefur Hrefna Sigríður Briem, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins, tekið sæti hans í prófnefndinni. Skipunartími prófnefndar rennur út 1. maí 2023.

Með framangreindu frumvarpi er lagt til að 43. gr. bókhaldslaga verði felld brott og að nýtt bráðabirgðaákvæði bætis við lögin. Prófnefnd gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Lagt er til í frumvarpinu að þeir próftakar sem hafa lokið hluta prófs/prófa skuli eiga þess kost að ljúka prófi skv. reglum um próf til viðurkenningar bókara fyrir 1. janúar 2023. Einnig að prófnefnd ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 2023.

Varðandi tímamörkin:

- Prófnefnd telur þessi tímamörk ekki vera raunhæf. Framkvæmd prófa til viðurkenningar bókara hefur verið með þeim hætti að próf eru auglýst í dagblöðum í júní og ágúst ár hvert. Skráning í próf í öllum prófhlutum hefur farið fram í ágúst og lokið í byrjun september. Próf til viðurkenningar bókara eru þrjú talsins og hafa þau verið haldin í október, nóvember og desember, þ.e. próf í prófhluta I í október, próf í prófhluta II í nóvember og próf í prófhluta III í desember. Prófnefnd hefur 30 daga til þess að birta einkunnir. Einkunnir í prófhluta III eru ekki birtar fyrr en eftir áramót.
- Prófnefnd heldur prófsýningar eftir hvern prófhluta og eru prófsýningar í prófhluta II og III haldnar í janúar. Upptökupróf eru haldin í lok janúar byrjun febrúar ár hvert. Skólaárinu lýkur með útskrift sem er venjulega haldin um miðjan mars ár hvert og með gerð fjárhagslegs uppgjörs.
- Ljóst er að þau tímamörk sem frumvarpið leggur til eru ekki raunhæf. Út frá venjulegri framkvæmd eins og lagt er til í frumvarpinu þá er ekki hægt að ljúka þeim skyldum sem hvíla á prófnefnd skólaárið 2022/2023 fyrir 1. janúar 2023.
- **Prófnefnd leggur til að tímamörkin verði að minnsta kosti 1. apríl 2023 í stað 1. janúar 2023, sbr. þó umfjöllun hér að neðan.**

Þriggia ára reglan:

- Í 8. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 649/2019 um próf til viðurkenningar bókara segir að próf í öllum prófhlutum skulu vera dagsett innan 3ja ára frá dagsetningu elsta prófsins. Þetta er hin

svokallað 3ja ára regla. Reglan hefur verið framkvæmd þannig að próftaki sem tekur próf 2020 hefur til 2023 til þess að ljúka prófum þannig að 3ja ára reglan sé virt.

- Þetta merkir að próftakar sem hafa hafið prófraun sína til viðurkenningar bókara að hausti 2020 hafa til 2023 til þess að ljúka prófum til viðurkenningar bókara. Í raun merkir það að próftakar hafa í raun til janúar/febrúar 2024 til þess að ljúka prófum þar sem upptökuprófin vegna aðalprófa haustið 2023 eru haldin þá.
- Ef bráðabirgðaákvæðið verður samþykkt þá er réttur próftaka skv. núgildandi reglugerð skertur sem kallar á breytingu á reglugerðinni er varðar 3ja ára regluna.
- Einnig verður að hafa í huga ef ákvæðið verður samþykkt óbreytt þá er það forsendurbrestur fyrir próftaka sem skráðu sig til prófs haustið 2020. Þeir gerðu ráð fyrir að hafa til janúar/febrúar 2024 til þess að ljúka prófum til viðurkenningar bókara. Síðustu ár hafa fæstir próftakar tekið öll prófin og náð fullnægjandi árangri á einu skólaári. Flestir próftakar hafa fullnýtt 3ja ára regluna þannig að þeir hafa nýtt allan tímann til þess að ljúka prófum til viðurkenningar bókara.
- Prófin eru mjög krefjandi og þurfa próftakar að hljóta a.m.k. 7,0 í vegið meðaltal til þess að standast próf til viðurkenningar bókara og hljóta viðurkenningu bókara.
- **Prófnefnd leggur því til að tímamörkin verði 1. apríl 2024 til þess að gæta jafnræðis gagnvart fyrri próftökum og til þess að takmarka ekki rétt próftaka til próftöku skv. 3ja ára reglunni.**

Varðandi aðgang nýrra próftaka að prófum til viðurkenningar bókara:

- Einnig vill prófnefnd velja því upp hvort bráðabirgðaákvæði eigi að opna á það að aðilar geti skráð sig í próf haustið 2021 og hafið þannig prófraun til viðurkenningar bókara. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þessari viðurkenningu og hafa próftakar verið rúmlega 200 hvert skólaár síðustu ár. Margir einstaklingar sem vinna við bókhald og sem eru að læra bókhald hafa stefnt að viðurkenningu bókara með því að þreyta þessi próf. Það er mjög bagalegt að veita þessum einstaklingum ekki tækifæri á að þreyta próf til viðurkenningar bókara.
- Það er líklegt að ef þessi tillaga að lagabreytingu hefði legið fyrir við skráningu í próf að hausti 2020 þá hefðu fleiri próftakar skráð sig. Með þessu frumvarpi er verið að taka þann kost frá einstaklingum sem vilja og ætla sér að starfa sem viðurkenndir bókarar.
- **Prófnefnd leggur til að gerð verði breyting á bráðabirgðaákvæðinu þannig að próftakar sem skrá sig til prófs að hausti 2021 eigi þess kost að ljúka prófi skv. reglum um til viðurkenningar bókara. Með því yrði komið til móts við einstaklinga sem hafa stefnt að því að öðlast viðurkenningu bókara.**

Formaður prófnefndar hefur verið formaður hennar frá 2015 og hefur þannig áralanga reynslu af störfum prófnefndarinnar. Aðrir nefndarmenn hafa jafnframt langa reynslu af störfum nefndarinnar. Prófnefndin eru reiðubúin til þess að mæta á fund Efnahags- og viðskiptanefndar til þess að skýra umsögn prófnefndar viðurkenndra bókara ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst,

Elva Ósk S. Wíium

Elva Ósk S. Wíium,

formaður prófnefndar viðurkenndra bókara